


Akureyri 12. janúar 2009


Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Stjórn Eyþings hefur fengið til umsagnar frá efnahags- og skattanefnd Alþingis **frumvarp til laga um eftirlaun forseta Íslands, ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardómara**, 124. mál, eftirlaunaréttur og skerðing launa. Stjórnin samþykkti eftirfarandi:

Stjórnin tekur ekki afstöðu til frumvarpsins.

f.h. stjórnar Eyþings


Þétur Þór Jónasson
framkv.stjóri



Félagsmanna Alþingis

Alþingi
Erindi nr. P 136/757
komudagur 16.1.2009

Reykjavík, 16. janúar 2009

Efnahags- og skattanefnd Alþingis
Austurstræti 8-10

Efni: Frumvarp til laga um eftirlaun forseta Íslands, ráðherra, alþingismanna, hæstaréttardómara, o.fl.

Með bréfi dagsettu 17. desember 2008 óskar efnahags- og skattanefnd Alþingis eftir umsögn Félagsmanna Alþingis um frumvarp til laga um eftirlaun forseta Íslands, ráðherra, alþingismanna, hæstaréttardómara, o.fl.

Með frumvarpinu er verið að leggja til breytingu á eftirlaunaréttindum, lífeyrissiðgjöldum og greiðslu eftirlauna framangreindra hópa. Einnig er ákvæði til bráðabirgða um að lækka laun sömu hópa til ársioka 2009.

Stjórn FSA hefur fjallað um umsagnarbeiðnina á fundi og tekur ekki afstöðu til frumvarpsins þar sem það snertir ekki félagsmenn FSA.

Virðingarfyllt

Ingvi Stígsson
formaður FSA

Alþingi
Erindi nr. P 136/706
komudagur 12.1.2008

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 8. jan. 2009

Stjórn Prestafélags Íslands hefur fjallað um tvö þingmannafrumvörp sem nú liggja fyrir Alþingi:

X

a) 124. mál um eftirlaun æðstu embættismanna

Stjórn PÍ telur eðlilegast að þeir embættismenn, sem taldir eru upp í 1. gr. frumvarpsins, séu á sama báti og aðrir embættismenn í lífeyrismálum og styður að sérlög um eftirlaun þeirra verði afnumin.


4. greinin á hins vegar ekki heima í frumvarpinu enda hefur kjararáð nú þegar úrskurðað um launalækkun flestra þeirra sem þar eru taldir upp.

b) 7. mál um sóknargjöld og hlutdeild í jöfnunarsjóði

Stjórn PÍ fagnar því ef það er vilji Alþingis að auka framlög til skráðra trúfélaga en varar við því að öllum trúfélögum sé veitt aðild að Jöfnunarsjóði sókna vegna stærðarmunar trúfélaga og sérstöðu Þjóðkirkjunnar sem þjónar öllu landinu.

Hagsmunir fara ekki saman hjá öðrum skráðum trúfélögum. Sú leið gæti verið farin að stofna annan sjóð fyrir trúfélög utan Þjóðkirkju með eigin stjórn eða að veita sambærilegu viðbótarframlagi til hvers trúfélags fyrir sig.

Virðingarfyllst,
f. h. stjórnar Prestafélags Íslands,


sr. Ólafur Jóhannsson, formaður